

*Tollflokkun

Úrskurður 6/2004

Kærð er endurákvörðun tollstjóra um tollflokkun á leðurhönskum sem fluttir voru inn á árunum 2001- 2003. Kærandi hafði tollflokkað hluta hanskana sem rafsúðuhanska. Ríkistollanefnd felldi úrskurðinn úr gildi.

Lög nr. 55/1987 tollalög 99. gr., 101. gr, 142.gr. Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Reglugerð nr. 61/1989 um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda 10. gr. Reglugerð nr. 640/2003 um geislavarnir vegna notkunar röntgentækja gr. 56-59. Reglugerð 497/1994 um notkun persónuhlífa 4. gr. Reglugerð 501/1994 um gerð persónuhlífa 14. gr.

Með bréfi, dags. 1. júní 2004, sem barst nefndinni þann 4. s.m. kærir U. f.h. Þ úrskurð tollstjóra sem uppkveðinn var þann 19. apríl 2004. Í nefndum úrskurði eru gjöld endurákvörðuð og tollflokkun breytt á nokkrum gerðum af leðurhönskum sem fluttir voru inn og tollflokkaðir sem "Rafsúðuhanskar" í tnr. 4203.2901 og þeir flokkaðir í tnr. 4203.2909. Tekur breyting tollstjóra bæði til eldri vörusendinga og nokkurra annarra vörusendinga sem lágu fyrir ótollafgreiddar hjá tollstjóra. Kærandi gerir kröfu um að hluti vörusendinganna verði flokkaður sem rafsúðuhanskar í tnr. 4203.2901.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi dags. 31.10.2003 hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir að fyrirhugað væri að endurákvörða aðflutningsgjöld vegna vörusendinga sem tollafgreiddar voru rafrænt (SMT) á árunum 2001-2003. Listi yfir sendingarnar, ásamt útreikningi yfir vangreidd gjöld án dráttarvaxta fylgdi. Fyrirtækinu var gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Tollstjóri segir að ekki hafa borist andmæli vegna breyttrar tollflokunar frá fyrirtækinu. Þá segir í hinum kærða úrskurði að ástæða endurákvörðunar sé sú að varan hafi ekki verið rétt tollflokkuð við tollafgreiðslu. Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga er byggð á 1. og 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. kemur fram að tollstjóri skuli, í samræmi við ákvæði greinarinnar, endurákvörða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi.

Dráttarvextir reiknast frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Í kæru umboðsmanns kæranda er farið fram á að eftirtalin vörunúmer af leðurhönskum verði tollflokkuð sem rafsúðuhanskar

92.NI77/3-10

92.NI77/5-10

92.NI78/3-10

92.NI78/5-10

92.NI781/3-10

92.707

Stærðir 7,8,9,10

92.NI12

Stærðir 8,10

92.NI142

Stærðir 8,10

Þá segir að umræddir hanskar séu nær eingöngu seldir til járn-, skipa- og áliðnaðarins og eru notaðir við raf- og tikksúðu. Kærandi bendir á að hanskar nr. 92.2310 sem hafa verið viðurkenndir sem rafsúðuhanskar séu ekki framleiddir lengur og í staðinn hafi komið gerðir 92.707 og 92.NI142. Þá heldur kærandi því fram að starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafi skoðað flestar sendingar sem innihéldu þessa vöru á árinu 2002 og ekki hafi verið gerðar

athugasemdir við tollflokkun vörunnar þannig að innflytjandi hafi talið sig vera í góðri trú um að varan væri rétt tollflokkuð.

Kærandi segir það ekki rétt hjá tollstjóra sem fram komi í hinum kærða úrskurði að ekki hafi verið send andmæli vegna athugasemda tollstjóra. Tollstjóra hafi verið sent bréf þar sem óskað er eftir endurskoðun á fyrirhugaðri endurákvörðun og einnig hafi fylgt bréf frá framleiðanda vörunnar.

Farið er fram á að endurákvörðun tola af eftirtöldum sendingum verði teknar til endurskoðunar:

E GOD 18 09 1 NO FRK W007	E DET 30 09 2 NO FRK W003
E GOD 16 10 1 NO FRK W007	E GOD 05 11 2 NO FRK W002
E DET 20 11 1 NO FRK W016	P 150 18 11 2 IS B18 4314
E DET 21 01 2 NO FRK W007	E DET 26 11 2 NO FRK W002
E DET 19 03 2 NO FRK W012	E GOD 16 12 2 NO FRK W002
E DET 29 04 2 NO FRK W010	E GOD 21 03 3 NO FRK W001
E DET 27 05 2 NO FRK W004	E GOD 18 02 3 NO FRK W007
E DET 23 07 2 NO FRK W005	S ARN 18 02 3 NO MSS J593
P 150 30 08 2 IS B13 4178	E GOD 18 06 2 NO FRK W002
P 150 09 09 2 B13 IS 9880	P 150 28 09 2 IS B15 2436

og tollur lækkaður um kr. 573.206-.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 4. júní 2004. Í bréfinu óskaði nefndin eftir upplýsingum frá tollstjóra hvort til væri skilgreining á því hvað hanski þyrfti að hafa til að bera svo hann geti flokkast sem röntgen- eða rafsuðuhanski í tnr. 4203.2901.

Í svari sem barst nefndinni 6. júní 2004 segir m.a. að ekki sé neina skilgreiningu að finna í tollskránni sjálfri á hugtökunum röntgenhanski eða rafsuðuhanski. Þennan texta sé eingöngu að finna við íslenskar undirskiptingar í skránni og eigi sér því ekki fyrirmyndir í texta hins alþjóðlega samnings um samræmda vörulýsingar- og vöruheitaskrá, samræmd tollskrá, sem Ísland er aðili að og íslenska tollskráin byggir á, né heldur í skýringarritum Alþjóðatollastofnunarinnar (World Customs Organization (WCO)) sem hefur umsjón með samningnum og framkvæmd hans og hefur í því skyni m.a. gefið út skýringarbækur um túlkun hans (Explanatory Notes).

Þá segir að þessi tollskrárnúmer hafi orðið til vegna vilja stjórnvalda til þess að verða við beiðni hagsmunaaðila um að lækka aðflutningsgjöld á þessum tilteknu persónuhlífum umfram aðrar vegna þess að þær, eðli síns vegna, eru dýrari en venjulegar hlífar almenns eðlis og jafnframt skilyrði vinnu við tilteknar aðstæður.

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum hafi Alþingi falið félagsmálaráðherra að setja nánari reglur um hlífðarbúnað. Stjórnvöld hafi gefið út slík fyrirmæli um geislavarnir, m.a. reglugerð nr. 640/2003 um geislavarnir vegna notkunar röntgentækja, annarra en tannröntgentækja, við læknisfræðilega geislun. Greinar 56 til 59 taka m.a. til geislavarna starfsfólks og er þar tekið fram að nota skuli blýhanska ef nauðsynlegt er. Jafnframt er tekið fram, í b lið 59. gr. að blýgúmmíhanskar skuli hafa blýgildi minnst 0,25 mm og jafnframt að á hönskunum skuli greinilega koma fram hvert blýgildi þeirra sé. Í 2. gr. reglugerðarinnar er eftirfarandi skilgreining á blýgildi:

„*Blýgildi*: Blýgildi skermunar er sú þykkt af blýi sem deyfir geislun jafn mikið og skermunin. Blýgildi skermunar breytist með þykkt hennar, orku geislunar og stærð geislasviðsins.” Röntgenhanskar eru því eingöngu þeir hanskar sem eru sérstaklega gerðir og framleiddir til að fullnægja slíkum skilyrðum stjórnvalda um varnir gegn röntgengeislun.

Að sama skapi, segir tollstjóri, geti eingöngu þeir hanskar talist rafsuðuhanskar sem sérstaklega séu gerðir og framleiddir sem slíkir. Allir aðrir hanskar, þ.m.t. logsuðuhanskar, lóðningarhanskar, hitaþolnir málmbræðsluhanskar og almennir vinnuhanskar geti ekki talist rafsuðuhanskar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að stjórnvöld hafi einnig sett reglur um notkun og gerð persónuhlífa. Með reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa sé meðal annars ákvæði, í 4. gr. um að persónuhlífar skuli uppfylla gildandi reglur á evrópska Efnahagssvæðinu og að allar persónuhlífar verði að „henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu.” Nánari útfærsla á því hvað í þessu felst er svo að finna í reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa. Þær reglur gilda um persónuhlífar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Í þessum reglum sé m.a. að finna ákvæði í 14. gr. um að framleiðandinn skuli útbúa notkunarleiðbeiningar sem skulu fylgja þeim persónuhlífum sem

hann setur á markað með upplýsingum m.a. um gagnsemi þeirra og hve mikla vernd þau veita.

Síðan segir í greinargerð tollstjórans að efnislegur ágreiningur sé um tollflokkun vörunnar. Kærandi fari fram á að tiltekna gerðir leðurhanska verði tollflokkaðar sem rafsuðuhanskar þar sem þeir hanskar séu nær eingöngu seldir til járníðnaðarins, skipaiðnaðarins og áliðnaðarins. Til stuðnings kröfu sinni hefur kærandi lagt fram ódagsett bréf frá framleiðanda hanskana í Noregi, fyrirtækinu Norhand. Í bréfinu gefi framleiðandinn upplýsingar um hanska og föt gerð til iðnaðarsuðu „industrial welding” og skiptir þar hönskunum í þrjá flokka. Þeir hanskar sem hér um ræðir flokkast í síðustu tvo flokkana.

Framleiðandinn birtir upplýsingar um framleiðslu sína og fleira á heimasíðu sinni, <http://www.norhand.no>. Þær upplýsingar sem þar koma fram eru ekki alveg í samræmi við bréf það sem kærandi hefur framvísað. Á heimasíðunni er m.a. að finna merkingar verndarhanska samkvæmt Evrópustöðlum, t.a.m. staðli nr. EN 407 um hitaþolna hanska sem meðal annars verja gegn suðuslettum. Eins og fyrr segir er hönskum skipt í þrjá flokka í bréfi framleiðandans. Enginn þeirra hanska sem hér um ræðir fellur í fyrsta flokkinn sem þar er talinn upp, þ.e. hitaþolna hanska. Á heimasíðunni kallast þeir „varmebestandige hansker” og eru allir CE merktir í III. áhættuflokk, þ.e. mikil áhætta, með merki um að þeir uppfylli bæði staðal EN 388 um vörn gegn sárur af völdum véla s.s. vegna núnings, stungu, skurðar eða bits, og staðal EN 407 um vörn gegn hita og eldi.

Annar flokkur hanska í bréfinu er sagður vera suðuhanskar fyrir „Tig, Mig, Mag etc.” (rafsuðuaðferðir með hlífðargasi). Þessir hanskar falla undir flokk hanska sem á heimasíðu framleiðandans kallast „Arbeidshansker montering”, þeir eru CE merktir í I. áhættuflokk, þ.e. lítil áhætta, með merki um að þeir uppfylli staðal EN 420 um almennar kröfur sem gerðar eru til varnarhanska. Sumir hanskana í þessum flokki framleiðandans eru með „stretch” efni í handarbaki eða úr bómull eða með textílstroffi eins og ein gerðin sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska. Ekki verður séð að slíkir hanskar veiti fullnægjandi vörn gegn þeim hættum sem stafa af vinnu við rafsuðu, t.a.m. húðbruna af völdum geislunar frá rafbogunum (welding arc) eða bruna af völdum neistaflugs.

Þriðji flokkur hanska í bréfinu er sagður vera venjulegir suðuhanskar fyrir venjulega iðnaðarsuðu. Þeir hanskar falla undir flokk hanska sem á heimasíðu framleiðandans kallast „Arbeidshansker kombi”, og líkt og annar flokkurinn eru þeir CE merktir í I. áhættuflokk, með merki um að þeir uppfylli staðal EN 420 um almennar kröfur sem gerðar eru til varnarhanska. Í þessum flokki eru nokkrar gerðir leðurhanska og einungis þrjár þeirra eru kynntar sem suðuhanskar (argonhanske og sveisehanske). Þær gerðir sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska eru ekki þessar þrjár heldur aðrar sem verða því að teljast venjulegir fjölnota leðurvinnuvettlingar.

Með vísan til þess er að ofan greinir krefst tollstjóri að endurákvörðun tollstjórans í Hafnarfirði verði látin standa óbreytt.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda með ábyrgðarpósti þann 6. júní 2004, og var kæranda veittur frestur til andsvara til 27.s.m. Engin andsvör bárust frá kæranda til nefndarinnar.

Ríkistollanefnd sendi tollstjóranum í Reykjavík bréf dags. 31. ágúst s.l., þar sem óskað er eftir því við embættið að það afli upplýsinga hjá tollstjóranum í Hafnarfirði um gögn varðandi endurákvörðunina og hvort ekki væri hjá embættinu einhverjar leiðbeiningar frá fyrri árum um tollflokkun á rafsuðuhönskum. Ennfremur að kannaðar yrðu tollafgreiðslur fyrirtækisins á þessari vöru hjá embættinu í Reykjavík. Þá óskaði nefndin eftir álitu tollstjóra á formi og framsetningu hins kærða úrskurðar tollstjórans í Hafnarfirði. Í svarbréfi tollstjóra sem barst nefndinni þann 28. september 2004 eru sendingarnar tíundaðar og þess getið að kæranda hafi verið send mörg bréf þar sem honum er tilkynnt um fyrirhugaða endurákvörðun. Þar komi fram að gerð sé athugasemd við ranga tollflokkun á rafsuðuhönskum sem fluttir voru inn í sendingunum auk þess sem gerð er athugasemd við rangt upprunaland í nokkrum tilvikum. Rétt tollflokkun sé í tollskrárnúmer 4203-2909. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu seljanda, séu hanskanir ætlaðir til „montage og andet let arbejde.” Þá er þess getið að dráttarvextir reiknist frá eindaga aðflutningsgjalda. Jafnframt segir að með bréfi dags. 18. febrúar s.l., mótmælir kærandi framangreindri endurákvörðun. Þar kemur m.a. fram að tollstjórinn í Reykjavík hafi skoðað flestar hanskasendingar kæranda á árinu 2002 og ekki gert neinar athugasemdir.

Með bréfi tollstjóra, dags. 19. apríl s.l., er úrskurðað um endurákvörðun þá sem hér um ræðir. Í bréfinu er vísað til fyrirhugaðrar endurákvörðunar embættisins og segir m.a. að listi yfir sendingarnar, ásamt útreikningi yfir vangreidd gjöld án dráttarvaxta, fylgi hjálagt. Þá segir að kæranda hafi verið gefinn kostur á að andmæla en engin andmæli borist embættinu. Greint er frá því að ástæða endurákvörðunarinnar sé sú að varan hafi verið rangt tollflokkuð við tollafgreiðslu. Vísað er til 1. og 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, endurákvörðuninni til stuðnings auk þess sem segir greint er frá grundvelli álagningar dráttarvaxta sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum. Að lokum er skorað á innflytjanda að greiða vangreidd gjöld innan frestskilyrða auk þess sem kærheimildar er getið.

Hvað varðar þá ósk nefndarinnar að embættið upplýsi hvort til séu leiðbeiningar hjá embættinu varðandi tollflokkun á rafsuðuhönskum, frá fyrri árum segir tollstjóri að við skoðun á framangreindu atriði hafi komið í ljós að á árinu 1970 hafi komið út ný tollskrá, sem var birt með lögum nr. 1 frá 11. febrúar 1970, um tollskrá o.fl. Í þeirri skrá sé sérstakt númer fyrir röntgenhanska en ekki fyrir rafsuðuhanska. Það er fyrst með þingskjali 255. (Alpt. 1970 A (91. löggjafarþing)) sem gerð sé breytingartillaga frá fjárhagsnefnd við frumvarp um breytingu á lögum númer 1, frá 11. febrúar 1970, um tollskrá o.fl., sem fram kemur tillaga um sérstakt tollskrárnúmer. „Rafsuðuhanskar, hlífðarsvuntur, hlífðarermar úr leðri.“ Breytingin er birt í tollskrá sem lög nr. 100, frá 28. desember 1970. Engar sérstakar athugasemdir voru með þessari breytingartillögu. Með nýjum tollalögum nr. 55/1987 kemur ný tollskrá og þar er tollskrárnúmerið orðið það sem nú er 4203.2901 - - Röntgen- og rafsuðuhanskar. Aðrar leiðbeiningar sé ekki að finna hjá embættinu, varðandi tollflokkun á umræddum hönskum.

Þá segir að engin gögn liggja fyrir hjá tollstjóranum í Reykjavík varðandi það hvort embættið hafi skoðað sendingar hjá kæranda eins og haldið hefur verið fram í málinu. Kærandi flytur inn fjölmargar sendingar í mánuði hverjum og er því í raun illmögulegt fyrir embættið að leita uppi þá eða þær sendingar sem hugsanlega gætu hafa verið skoðaðar. Það er mat embættisins að kæranda beri að framvísa frekari gögnum eða a.m.k. leggja fram upplýsingar um númer þeirra sendinga sem kærandi heldur fram að hafi verið skoðaðar af hálfu embættisins að gefnu tilefni, svo unnt sé að sýna fram á framangreint. Þess skal þó getið að embætti tollstjórans í Reykjavík varð þess áskynja við skoðun á framangreindu að kölluð höfðu verið inn gögn vegna fimm af þeim sendingum sem um ræðir í máli þessu. Innflytjandi virðist hafa sent inn gögn til embættisins og skýrslurnar fengið afgreiðslu stuttu síðar. Engu að síður er gerð athugasemd við sendingarnar nú, sem er grundvöllur að þeirri endurákvörðun sem hér um ræðir. Ekkert liggur fyrir í gögnum embættisins því til staðfestingar að farið hafi fram vöruskoðun á umræddum sendingum.

Hvað varðar beiðni nefndarinnar um að tollstjóri gefi álit á formi og framsetningu hins kærða úrskurðar tollstjóra segir tollstjórinn í Reykjavík að embættið hafi skoðað þær formlegu bréfaskriftir sem átt hafa sér stað milli kæranda og embættis tollstjórans. Embætti tollstjórans í Reykjavík telur ástæðu til að benda á að við úrvinnslu mála af þeim toga sem hér um ræðir hafi tollstjórinn í Reykjavík unnið þau á eftirfarandi hátt, í samræmi við ákvæði 3. og 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987:

Fyrirhugaður úrskurður um endurákvörðun. Þegar bréf er sent um fyrirhugaða endurákvörðun er það mat embættis tollstjórans í Reykjavík að mikilvægt sé að öll atriði komi fram sem máli skipta til rökstuðnings á því hvers vegna gerð sé athugasemd við upptalin atriði í málinu. Skiptir í þessu sambandi verulegu máli að getið sé allra þeirra sendinga sem málið varðar með vísan til sendingarnúmera.

Þá segir að embætti tollstjóra hafi sent út fjölmörg bréf til innflytjanda, dags. 31. október 2003, þar sem greint var frá því að gerðar væru athugasemdir við þær sendingar sem um ræðir í máli þessu. Embættið tilgreinir í bréfum sínum efni athugasemdanna, þ.e. að um sé að ræða ranga tollflokkun á hönskum fyrir rafsuðu og í sumum tilvikum að um rangt upprunaland sé að ræða. Greint er frá því að rétt tollflokkun sé í tollskrárnúmer 4203-2909. Til samanburðar skal þess getið að tollstjórinn í Reykjavík hefur þegar um ranga tollflokkun er að ræða, að mati embættisins, greint frá því í fyrirhugaðri endurákvörðun hvert hið *ranga tollskrárnúmer* hafi verið *auk hins rétta*, með nákvæmri útlitun á orðalagi vöruliða fyrir hvort tollskrárnúmer um sig, sbr. tollskrá. Jafnframt hefur verið nákvæmlega sundurliðað *hver gjöldin eru á hvoru tollskrárnúmeri fyrir sig*, svo innflytjandi geti áttað sig á þeim gjaldamuni sem komi til með að verða á umræddri sendingu, komi til endurákvörðunar. Þetta er mikilvægt fyrir innflytjanda að vita svo hann geti gert sér grein fyrir því hvort gjöld á viðkomandi sendingu komi til með að hækka eða lækka.

Þá hefur tollstjórinn í Reykjavík lagt áherslu á að vísað sé til viðeigandi lagatilvísana sem grundvelli fyrir endurákvörðun þeirri sem fyrirhuguð er. Er hér jafnt vísað til heimilda í tollskrá, sbr. t.d. *túlkunarreglur tollskrár* númer 1 og 6 við tollskrá, auk viðeigandi heimilda í *tollalögum*, sbr. 3. tölul., 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Að auki hefur embættið talið rétt að útlísta hvað segir í túlkunarreglum tollskrár og ákvæðum tollalaga, ef um ranga tollflokkun er að ræða. Í lok bréfs um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun telur embætti tollstjórans í Reykjavík rétt að vísa til þeirra heimilda skv. tollalögum sem hinn fyrirhugaði úrskurður byggist á. Hefur embættið af þessu tilefni sett inn nokkuð staðlaðan texta þar sem eftirfarandi kemur fram (settar eru eyður á þá staði þar sem mikilvægt er að fylla inn með réttum tilvísunum til tölulíða, að mati embættisins):

„Fyrirhugaður úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og ___ tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í ___ tölul. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, til greiðsludags, þegar _____. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiðdum aðflutningsgjöldum fer eftir ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga.”

Að mati embættisins er mikilvægt að *vísa til rétttra tölulíða í 5. mgr. 99. gr. tollalaga* þegar sendar eru út fyrirhugaðar endurákvæðanir. Í því máli sem hér um ræðir hefði t.d., að mati embættisins, verið heppilegra að geta þess strax í fyrirhugaðri endurákvörðun að fyrirhugaður úrskurður um endurákvörðun væri byggður á 1. mgr. og 3. tölul. 5. mgr. tollalaga á eftirfarandi hátt:

„Fyrirhugaður úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. og 3. tölul. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tölul. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, til greiðsludags, þegar um SMT tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar voru allar tollafgreiddar með SMT tollafgreiðslu.”

Að lokum hefur embætti tollstjórans í Reykjavík talið rétt að gefa aðilum kost á að koma að sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kunna að skipta innan 15 daga en að loknum þeim tíma muni embættið taka ákvörðun um hvort til endurákvörðunar komi eða ekki. Í fyrirhugaðri (kærðu) endurákvörðun tollstjóra kemur einungis fram að embættið fari þess á leit við innflytjanda að hann sendi leiðréttu aðflutningsskýrslu til embættisins. Ekki er víst að innflytjandi átti sig á rétti sínum til andmæla og að koma að frekari gögnum máli sínu til stuðnings, með vísan til framangreinds. Það virðist þó ekki hafa verið staðan í því máli sem hér er til umfjöllunar, sbr. bréf kæranda, dags. 18. febrúar s.l.

Það er mat tollstjórans í Reykjavík, að í bréfi um fyrirhugaða endurákvörðun eigi að koma fram öll þau meginrök og sjónarmið sem málið byggir frá upphafi, svo innflytjandi geti átt kost á að koma að öllum andmælum sem unnt er að hafa í málinu. Leiði frekari bréfaskriftir milli innflytjanda og embættisins til þess að ástæða sé til að koma að nánari rökstuðningi er það mat embættisins að rétt sé að senda innflytjanda annað bréf um fyrirhugaða endurákvörðun þar sem veittur er frekari frestur til andmæla, áður en málið er tekið til úrskurðar. Allt framangreint miðar að því að gera innflytjanda ljóst hver réttarstaða hans sé og gefa honum færi á að andmæla á grundvelli allra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu.

Úrskurður um endurákvörðun:

Að mati embættisins er bréf um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun alger fyrirmynd að úrskurðinum sjálfum. Öll rök sem komið hafa fram í bréfi um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun, auk þeirra raka sem síðar kunnu að hafa komið til og verið tilkynnt aðila eftir atvikum, skulu koma fram í endanlegum úrskurði. Embættinu er þá rétt að taka á þeim andmælum sem borist hafa frá innflytjanda vegna málsins og rökstyðja þá niðurstöðu sem komist er að í úrskurðinum.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra, dags. 19. apríl s.l., kemur fram að ekki hafi borist nein andmæli vegna athugasemdar um breytta tollflokkun. Þetta er ekki rétt, að mati embættis tollstjórans í Reykjavík, því fyrir liggur í málinu, bréf frá innflytjanda, dags. 18. febrúar s.l., þar sem umræddri athugasemd er mótmælt. Réttast hefði verið að mati embættis tollstjórans í Reykjavík, að tollstjóri hefði getið þeirra bréfaskrifta í úrskurði sínum og tekið afstöðu til þeirra andmæla sem þar koma fram. Þá telur embætti tollstjórans í Reykjavík mikilvægt að greina nákvæmlega í úrskurði hvaða sendingar um er að ræða í málinu með vísan til

sendingarnúmera. Sundurliða ber nákvæmlega öll viðbótargjöld sem leggjast á umræddar sendingar, þannig að höfuðstólum er skipt eftir gjaldflokkum (þ.e. t.d. 10% tollur – kr. X; 24,5% virðisaukaskattur – kr. Y; o.s.frv.) og greint frá fjárhæð dráttarvaxta með vísan til þess hvernig útreikningi þeirra sé háttað (t.d. að dráttarvextir reiknist frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags). Þá skal getið heildarfjárhæðar sem vangreidd er vegna hvernar sendingar fyrir sig, að mati embættisins. Að lokum er svo rétt að taka saman vangreidd gjöld vegna allra sendinga í málinu og greina í einni heildarupphæð. Einnig telur embætti tollstjórans rétt að áréttta mikilvægi þess að fram komi skýrar lagatílvísanir í úrskurði um endurákvörðun, jafnt til túlkunarreglna tollskrár, sem og til ákvæða tollalaga, með viðeigandi tilvísunum til töluliða 5. mgr. 99. gr. tollalaga eins og áður hefur komið fram. Um eindaga aðflutningsgjalda hefur tollstjórinn í Reykjavík vísað til 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á. Þá telur tollstjórinn í Reykjavík æskilegt að greina nákvæmlega heildarupphæð þá sem endurákvörðunin varðar og hefur það verið gert á eftirfarandi hátt hjá embættinu: „Ofangreind gjöld kr. _____ eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum kr. _____ innan 15 daga frá póstlagningardegi þessa bréfs, eða eigi síðar en dd. mm n.k., ella má búast við að tollafgreiðsla til fyrirtækisins verði stöðvuð án frekari aðvörunar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989.”

Að lokum er svo rétt að vísa til kæruheimildar og kærufrests eins og gert er í hinum kærða úrskurði tollstjóra.

Með vísan til ofanritaðs og bréfs tollstjórans í Reykjavík til ríkistollanefndar, dags. 5. júlí s.l., er það lagt í hendur nefndarinnar að meta hvort rétt sé að staðfesta hinn kærða úrskurð tollstjóra dags. 19. apríl 2004, varðandi framangreindar sendingar, þrátt fyrir formgalla þá sem að framan eru raktir. Það skal hér með árétttað að embætti tollstjórans í Reykjavík telur framangreindan úrskurð tollstjóra dags. 19. apríl s.l., efnislega réttan, sbr. greinargerð embættisins til ríkistollanefndar, dags. 5. júlí 2004, þrátt fyrir framangreinda formgalla og fram komið bréf kæranda, dags. 18. febrúar s.l. (sem ekki var getið í úrskurði tollstjóra).

Bréf tollstjóra var sent kæranda til umsagnar þann 14. október s.l. og var kæranda veittur frestur til athugasemda til 28. s.m. Kærandi óskaði eftir fresti til að skila inn athugasemdum til 1. nóvember sem honum var veittur og framhaldsfresti til miðvikudagsins 3. nóvember 2004. Í svari umboðsmanns kæranda segir m.a. að í endurákvörðun tollstjóra vanti að gera grein fyrir ástæðum þess hvað liggja á bak við endurákvörðunina. Full ástæða hefði verið til þess að gera grein fyrir hvers vegna umræddir hanskar geti ekki talist rafsúðuhanskar og þá hvers konar hanskar í raun uppfylla skilyrði til þess að falla undir þann flokk hanska. Auk þess hefði verið tilefni til að taka hverja sendingu fyrir sig og skýra út hvers vegna hver og ein sending uppfyllti ekki skilyrðin.

Umboðsmaður kæranda telur að lítið hafi verið um að slík skilyrði hefðu verið sett eða almennt rökstuðningur fyrir því hvers konar hanskar geti talist rafsúðuhanskar. Hann telur að ef ekki séu fyrir hendi málefnaleg sjónarmið fyrir því hvers konar hanskar geti fallið undir þennan flokk hljóti endurákvörðun að byggjast á geðþóttaákvörðun tollyfirvalda. Þá segir í greinargerðinni að í úrskurði komi fram að ekki hafi borist andmæli við fyrirhugaða enduráætlun tollstjórans sem eins og komið hafi fram sé rangt. Þetta styrki stoðir þeirrar ályktunar að ekki séu í raun fyrir hendi almennur mælikvarði á það hvers konar vörur falli undir tnr. 4203.2301.

Umboðsmaður kæranda segir að það sé fyrst með greinargerð tollstjórans í Reykjavík dags. 5. júlí s.l., sem megi í raun sjá fyrstu efnisumfjöllun um málið eftir að kæruférlí hófst. Sú umfjöllun tollstjóra sé samt sem áður algerlega ófullnægjandi þar sem við lestur greinargerðarinnar sé ekki hægt að glöggva sig á því hvaða hanskar séu rafsúðuhanskar og hverjir ekki. Í fyrsta lagi komi fram að enga skilgreiningu sé að finna á hugtökunum röntgenhanski og rafsúðuhanski en til rafsúðuhanska geti eingöngu talist hanskar sem sérstaklega eru framleiddir sem slíkir. Vitnað sé til reglna nr. 497/1994, um notkun persónuhlífa en þar komi fram að þær verði að henta til varnar þeirri hættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu. Hvergi kemur hins vegar fram að þeir hanskar sem hér er um deilt uppfylli ekki þau skilyrði sem fram koma í umræddum reglum enda er því haldið fram að þeir uppfylli slík skilyrði. Í öðru lagi séu hanskar frá þeim framleiðanda sem um ræðir, Norhand, teknir fyrir og fjallað um flokkun þeirra á heimasíðu

framleiðandans. Eina umfjöllun tollstjóra um þá hanska sem rætt er um í kæru umbjóðanda okkar sé þó eftirfarandi:

„Sumir hanskana í þessum flokki framleiðandans eru með „stretch“ efni í handarbaki eða úr bómull eða með textílstroffi eins og ein gerðin sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska. Ekki verður séð að slíkir hanskar veiti fullnægjandi vörn gegn þeim hættum sem stafa af vinnu við rafsuðu, t.a.m. húðbruna af völdum geislunar frá rafbogunum (welding arc) eða bruna af völdum neistaflugs.“

Síðan kemur fram:

„Í þessum flokki eru nokkrar gerðir leðurhanska og einungis þrjár þeirra eru kynntar sem suðuhanskar (argonhanske og sveisehanske). Þær gerðir sem kærandi vill flokka sem rafsuðuhanska eru ekki þessar þrjár heldur aðrar sem verða því að teljast venjulegir fjölnota vettlingar.“

Að því er þessar athugasemdir varðar þá virðist af henni sem tollstjóri sé þá sammála því að þeir hanskar, sem falla undir þann flokk sem þar er til umfjöllunar, og ekki eru með svonefndu „stretch“ efni eða úr bómull eða með textílstroffi teljist rafsuðuhanskar. A.m.k. er greinilega ekki hreyft neinum mótmælum við því í einu efnislegu umfjölluninni um rafsuðuhanska. Jafnframt eru þetta þó í raun einu andmælin við því að slíkir hanskar (stretch, bómull eða textíl) geti talist rafsuðuhanskar. Ekki eru gerðar frekari tilraunir til þess að sýna fram á hvers vegna slíkir hanskar ættu ekki að veita vörn í rafsuðuvinnu.

Tilgangur löggjafans með því að tollflokka röntgen- og rafsuðuhanska sérstaklega var augljóslega sá að þeir hanskar sem framleiddir og notaðir eru sem slíkir falli undir flokkinn. Það hlýtur að vera óumdeilt og því hefði tollyfirvöldum borið að sýna fram á að svo sé ekki en það hafa þau ekki gert hvorki í úrskurðinum né í framangreindri greinargerð.

Þá segir í bréfi umbjóðanda kæranda að meðfylgjandi sé bréf frá framleiðanda vörunnar, Norhand, þar sem fram komi að nánar tilgreindir hanskar séu framleiddir til rafsuðuvinnu. Jafnframt kemur fram að hanskar undir vörunúmerunum 92.707, 92.NI142 og 92.NI12 séu sömu leðurþykktar og eldri módel hanskana, þ.e. 92.NI23 og uppfylli skilyrði staðals EN 407. Með bréfi þessu eru send sýnishorn hanskana 92.NI707 og 92.NI23. Hinir fyrrgreindu eru í raun nýtt módel af hinum síðargreindu. Með bréfi þessu er einnig eitt af bréfum frá tollyfirvöldum til umbjóðanda okkar þar sem fram kemur að 92.NI23 falli undir tollskrárnúmerið 4203-2901 og teljist því rafsuðuhanskar. Af því leiðir óhjákvæmilega að nýja módelið hlýtur að geta fallið undir tollskrárnúmerið og talist rafsuðuhanskar. Farið er fram á að þessir hanskar verði sérstaklega teknir til skoðunar.

Þá segir að fram komi í greinargerð tollstjóra, dags. 24. september s.l., að engin gögn liggja fyrir hjá tollstjóranum í Reykjavík varðandi það hvort embættið hafi skoðað sendingar hjá kæranda. Eftir að málið hefur verið skoðað af hálfu kæranda virðast upplýsingar um eiginlega skoðun á sendingum sem slíkum hins vegar einungis byggjast á munnlegum frásögnum starfsmanna tollyfirvalda. Sá háttur tollyfirvalda er undarlegur að hvergi sé skráð niður skoðun á sendingum og sönnunarbýrði þannig snúið yfir á gjaldanda. Gjaldendur eru samkvæmt því í þeirri stöðu að þeir flytja inn vöru og flokka hana í þann tollflokk sem þeir telja eðlilegastan eins og í þessu tilfelli. Tollyfirvöld kalla eftir gögnum og fram kemur munnlega að sérstök skoðun hafi farið fram á vörunum. Þrátt fyrir þetta séu tollyfirvöld ekki skuldbundin af þessari afgreiðslu þar sem gjaldandinn þarf að sýna fram á með einhverjum hætti að varan hafi verið skoðuð af tollyfirvöldum. Tollyfirvöld hljóti að þurfa að bera þær byrðar að halda utan um það með einhverjum hætti hvaða vörur hafa verið skoðaðar sérstaklega enda hafa gjaldendur fengið upplýsingar um skoðun munnlega og þeim þannig talin trú um að tollaflokkun sé í fullkomnu lagi.

Samkvæmt framangreindu fer umbjóðandi okkar fram á að fallist verði á að tollflokkun þeirra hanska sem getið er í kærubréfi falli undir að teljast rafsuðuhanskar og tollflokkaðir samkvæmt því. Líta verði til þess að tollyfirvöld hafi með engum hætti sýnt fram á hvers vegna hanskanir geti ekki talist rafsuðuhanskar og ljóst sé að yfirvöldum ber að rökstyðja ákvörðun sína og komast að niðurstöðu með vísan til málefnaþgra sjónarmiða. Það hafi hins vegar ekki verið gert og því ekki hægt að komast að annarri niðurstöðu en að tollflokkun kæranda hafi verið rétt. Ef nefndin fellst ekki á að allir þeir hanskar sem um ræðir teljist rafsuðuhanskar er a.m.k. farið fram á að þeir hanskar, sem tollstjórinn í Reykjavík hefur ekki einu sinni sjálfur mótmælt að séu rafsuðuhanskar, teljist falla undir þann flokk og/eða þeir hanskar sem samkvæmt yfirlýsingu Norhand eru sambærilegir þeim hönskum sem tollyfirvöld hafa þegar samþykkt sem rafsuðuhanska.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir málsskjöl og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram, aflað gagna og leitað sérfræðiaðstoðar. Deilt er um tollflokkun á leðurhönskum sem fluttir hafa verið inn sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901.

Úrskurður tollstjóra er óskýr svo og kröfur kæranda í máli þessu. Tollstjóri endurákvörðar gjöld á alls 31 sendingu sem fluttar hafa verið til landsins á tímabilinu 2001- 2003. Af gögnum má ráða að alls hljóði endurákvörðunin upp á kr. 2.101.198,- Kærandi gerði upphaflega þá kröfu að tollur yrði lækkaður um kr. 573.206-. Eftir að lögmaður kæranda kom að málinu er gerð krafa um að allir hansarnir verði flokkaðir sem rafsuðuhanskar í tnr. 4203.2901 (31 vörusending) og þar af leiðandi að endurákvörðun tollstjóra verði felld niður í heild sinni.

Eins og fram kemur hér að ofan leitaði ríkistollanefnd eftir því við tollstjórnann í Reykjavík að hann upplýsti hvort til væri skilgreining á því hvað hanski þyrfti að hafa til að bera svo hann geti flokkast sem röntgen- eða rafsuðuhanski í tnr. 4203.2901. Í svari tollstjóra segir að ekki sé til nein lýsing/skilgreining á rafsuðuhönskum hvorki í tollskrá né í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með reglum nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa sé meðal annars ákvæði, í 4. gr. um að persónuhlífar skuli uppfylla gildandi reglur á evrópska efnahagssvæðinu og að allar persónuhlífar verði að „henta til varnar þeirri áhættu sem um er að ræða án þess að þær leiði sjálfar til aukinnar áhættu.

Rétt er að minna á að tollskrárnúmerið 4203.2901 er sérstakt undirnúmer sem tekið var upp sérstaklega í íslensku tollskrána vegna röntgen- og rafsuðuhanska. Það er hins vegar engin skilgreining til á hugtakinu rafsuðuhanski í tollskránni. Við rafsuðuvinnu myndast varmi, neistar og útfjólubláir geislar sem geta valdið húðbruna. Þessu til varnar hafa verið framleiddir sérstakir hanskar úr skinni (hita- og eldtefjandi efni). Hlífðarhanskar við rafsuðuvinnu eru mismunandi allt eftir eðli og umfangi rafsuðunnar. Hefðbundnir þriggja fingra hanskar sem notaðir eru við svokallaða "pinna rafsuðu" eru ekki heppilegir fyrir svokallaða "TIG" eða "MIG" rafsuðu þar sem heppilegra er að nota þynnri og liprari hanska. Þar af leiðir eru rafsuðuhanskar mismunandi að gerð allt eftir því hvaða suðuaðferð er notuð. Nefndarmenn eru sammála því áliti sem fram kemur í greinargerð tollstjórans í Reykjavík í máli þessu að eingöngu þeir hanskar geti talist rafsuðuhanskar í skilningi tollskrárlaga sem sérstaklega séu gerðir og framleiddir sem slíkir. Það er skoðun nefndarmanna að túlka beri flokkun í tollskrárnúmerið 4203.2901 þröngt. Hanskar s.s. logsuðuhanskar, lóðningarhanskar, hitapolnir málmbreðsluhanskar, leðurhanskar með taustroffi og almennir vinnuhanskar geta ekki talist rafsuðuhanskar, heldur aðeins þeir hanskar sem eins og áður segir eru sérstaklega framleiddir og seldir sem slíkir. Reyndar er það mat ríkistollanefndar að í tollskrá, reglugerð eða í skriflegum leiðbeiningum frá töllyfirvöldum sé æskilegt að liggja fyrir skilgreining/lýsing á því hvað telja skuli til rafsuðuhanska.

Sé vafi að mati innflytjanda um tollflokkun á einstökum tegundum hanska verður að telja eðlilegt að hann nýti sér heimild 142 gr. tollalaga og leiti eftir bindandi áliti tollstjóra um tollflokkun á hverri einstakri vöru.

Tollstjórnin í Reykjavík hefur í máli þessu sett fram greinargóða lýsingu á því hvað þurfi að koma fram í úrskurði tollstjóra þegar um endurákvörðun er að ræða. Þá sendi ríkistollstjóraembættið tollstjórum bréf dags. 6. apríl 1994 þar sem fram kemur m.a. hvað fram þurfi að koma í úrskurðum tollstjóra, en þar segir m.a. orðrétt: "Úrskurðir eiga að vera skriflegir og rökstuddir, sbr. 4. málsl. 100. gr. Um efni þeirra má hafa hliðsjón af ákvæðum 31. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, enda þótt þar sé fjallað um úrskurð æðra stjórnvalds þegar ákvörðun lægra stjórnvalds sætir stjórnslulukæru. Fram kemur að í slíkum úrskurðum skuli eftirtalin atriði m.a. koma fram á stuttan og glöggan hátt: kröfur aðila, efni það sem til úrlausnar er, þ.á m. hin kærða ákvörðun, stutt yfirlit um málsatvik og ágreiningsefni málsins og rökstuðningur fyrir niðurstöðu máls, auk þess sem aðalniðurstöðu skuli draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð. Um efni rökstuðnings er í 31. gr. stjórnslulaga vísað til 22. gr. þeirra laga, en þar kemur fram m.a. að í rökstuðningi skuli vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds sé byggð á; að því marki sem ákvörðun byggist á mati, skuli í rökstuðningi greina frá þeim megin sjónarmiðum sem ráðandi séu við matið. Ennfremur segir þar að þegar ástæða sé til skuli í rökstuðningi einnig rekja stuttlega upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu við úrlausn máls. Þegar úrskurðað er um tollflokkun innfluttrar vöru á að láta koma fram í úrskurði, eftir því sem við getur átt, númer vörusendingar, vörulýsingu, kröfu kæranda og röksemdir sem hann færir fram, umfjöllun um ágreiningsefni og rökstuðning fyrir niðurstöðu, m.a. með vísan til réttarreglna. Aðalniðurstöðu skal draga saman í lok úrskurðar í sérstakt úrskurðarorð. Ennfremur er rétt að fram komi

upplýsingar um kærueimild og kærufrest vegna málskots til ríkistollanefndar; þegar úrskurður samkvæmt 100. gr. fellur kæranda ekki í vil, að nokkru leyti eða öllu.”

Það er mat ríkistollanefndar að hinn kærði úrskurður tollstjóra frá 19. apríl 2004 sé ekki í samræmi við ofanritað. Úrskurðurinn er óskýr, í hann vantar rökstuðning fyrir hinni breyttu tollflokkun og lýsingu á vörunni. Sendingar eru ekki tilgreindar í úrskurðinum. Tollskránumer eru ekki tilgreind, þ.e. ekki er vísað í tollnúmer sem varan var tollflokkuð í og ekki í hið nýja tollnúmer sem endurákvörðunin byggir á. Þá kemur ekki fram í úrskurðinum hve há endurákvörðunarfrjárhæðin er. Það er skylda stjórnvalds að rökstyðja ákvörðun sína þannig að aðilum máls séu ljósar forsendur hennar og niðurstaða.

Þá telur ríkistollanefnd ekki rétt eins og mál þetta liggur fyrir að hún fari sundurgreint ofan í tollflokkun einstakra vörusendinga. Eðlilegra er eins og áður sagði að innflytjandi nýti sér heimild 142. gr. tollalaga og leiti eftir bindandi álitum tollstjóra um tollflokkun vöru þar sem fullnægjandi upplýsingar um vöruna og eftir atvikum sýnishorn liggja fyrir. Álitum tollstjóra er síðan hægt að skjóta til ríkistollanefndar ef ástæða þykir til.

Með vísan til 99. gr. og 101. gr. tollalag nr. 55/1987 með síðari breytingum er hinn kærði úrskurður tollstjóra dags. 19. apríl 2004 felldur úr gildi.